Mörkuð íslensk málheild

Sigrún Helgadóttir



MÍM

- Uppruni verkefnisins
- Hvað er mörkuð málheild?
- Hvernig nýtist málheildin?
- Efnisöflun fyrir MÍM
- Textaflokkar
- Birting MÍM
- Opnun

Uppruni verkefnisins

Mörkuð íslensk málheild (MÍM) er eitt af verkefnum sem var styrkt af tungutækniverkefni menntamálaráðuneytisins (2000-2004)

Verkið hófst árið 2004 og hefur verið fóstrað af Orðabók Háskólans og síðar Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Önnur fjármögnun:

- Norræna ráðherranefndin (Nordisk Netordbog)
- Rannís (Hagkvæm máltækni utan ensku – íslenska tilraunin)
- Nýsköpunarsjóður námsmanna (nokkrir styrkir)
- Rannsóknarsjóður Háskólans (nokkrir styrkir)
- META-NORD

Hvað er mörkuð málheild?

Mörkuð málheild (e. *tagged corpus*)

- Safn fjölbreyttra tölvutækra texta sem hafa verið greindir á málfræðilegan hátt
- Hverjum texta fylgja upplýsingar um textann sem búturinn er úr
- Hverri orðmynd fylgja þær málfræðilegu upplýsingar sem málheildin geymir
- Málheildin er skráð í stöðluðu sniði

Hvernig nýtist málheildin?

- Úr málheildinni má lesa gagnlegan fróðleik um:
  - tíðni orðflokka, orða og beygingarmynda, orðasambönd, setningargerð, merkingu o.fl.
- Nýtist t.d. við gerð:
  - orðabóka, leiðréttingarforrita, þýðingarforrita, búnaðar fyrir talgreiningu og talgervingu og gerð hjálparforrita fyrir blinda, heyrnarskerta, hreyfihamlaða og þá sem glíma við skriftar- og lestarörðugleika svo og við kennslu

Efnisöflun fyrir MÍM

- Safna skyldi fjölbreyttum textum með um 25 milljónum lesmálsorða af frumsömdum textum, rituðum á árunum 2000–2009 eftir höfunda sem hafa íslensku að móðurmáli
- Safnað var textum sem voru aðgengilegir í rafrænu formi
- Leyfis var aflað hjá rétthöfum til þess að fá að nota texta varða af höfundarrétti
- Textar úr útgefnum bókum voru styttir um 20%

Textaflokkar í Markaðri íslenskri málheild (MÍM)	Fj. skráa	Fjöldi orða	%
Textar úr prentuðum bókum	168	5.972.893	23,89
Dagblöð, prentuð og af vef	12.725	5.779.509	23,12
Opinberir textar (skýrslur, dómar, frumvörp, lög, ræður þingmanna)	**1.246**	**3.513.990**	**14,06**
Tímarit (prentuð og rafræn)	311	2.501.222	10,00
Blogg	8.998	1.976.706	7,91
Pistlar af Vísindavef	4.949	1.838.909	7,36
Texti af vefsetrum fyrirtækja, samtaka og stofnana	106	1.337.764	5,35
Upplesið efni	1.196	694.506	2,78
Nemendaritgerðir	51	666.042	2,66
Talmál	4	504.318	2,02
Óflokkað	46	214.663	0,86
Samtals	**29.800**	**25.000.522**	**100,00**

Birting MÍM

Mörkuð íslensk málheild verður aðgengileg á tvennan hátt:

1. Á vefsetri Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er leitarsíða (http://mim.hi.is/)
2. Sækja má textana í xml-sniði í fyrir málheildir í gegnum síðuna **http://www.málföng.is/** gegn því að skrifa undir notkunarleyfi

http://www.málföng.is/ er vefsvæði þar sem má finna margvísleg íslensk málföng (Language Resources)

Mörkuð íslensk málheild

Mennta- og menningarmálaráðherra
Katrín Jakobsdóttir
opnar nú málheildina

Mörkuð íslensk málheild

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM